

113. fundur í stjórn FSS, Fræðslunetsins – símenntunar á Suðurlandi, 26. nóvember 2014 kl. 16.30, í Fjölheimum

Mætt: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Elín Einarsdóttir og Gylfi Þorkelsson, sem ritaði fundargerð. Einnig sat fundinn Ásm. Sverrir Pálsson, fr.kv.stj. Magðalena Jónsdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Um launamál og túlkun á kjarasamningum

Stjórn óskaði eftir lögfræðilegu álit á túlkun kjarasamninga varðandi þá starfsmenn Fræðslunetsins sem eru í KÍ. Álit hefur borist frá lögmannsstofunni Mandat. Framkvæmdastjóri vék af fundi við afgreiðslu málsins. Með hliðsjón af fyrirbyggjandi gögnum samþykkir stjórn svohljóðandi bókun:

- a. Starfsmenn FSS í KÍ taki laun skv. hækkunum á kjarasamningi KÍ fh. FF á árinu 2014.
- b. Aðrir starfsmenn en þeir sem kjarasamningar KÍ ná til hækki á sambærilegan hátt í launum.
- c. Mikilvægt er að launajafnvægi raskist ekki hjá stofnuninni og því er framkvæmdastjóra falið að leita leiða til að tryggja það til frambúðar.
- d. Hækkun launa verði m.a. mætt með hagræðingu í rekstri.

2. Kosning fulltrúa í stjórn Vísinda og rannsóknarsjóðs Suðurlands.

Stjórn samþykkir eftirfarandi fulltrúa: Gunnar Bragi Þorsteinsson, Þór Hreinsson, Gylfi Þorkelsson. Til vara Magðalena Jónsdóttir.

3. Önnur mál.

- a. Rætt um skipulagsskrá FSS, stjórn þess og samstarf við ýmsa aðila.

Fundi slitið kl. 17.55